

## Starfsskýrsla æskulýðsnefndar Léttfeta 2010

Vetrarstarfið hófst hjá okkur í Léttfeta í lok janúar og samanstóð það af leik og starfi barna og unglunga í félaginu. Félagið stóð fyrir námskeiðum sem haldin voru 2svar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17:30-21:00, skipt var í



fjóra hópa. Yngstu börnin, 7 – 10 ára mættu einu sinni í viku en þau eldri mættu tvisvar á viku, voru þátttakendur 30 talsins. Kennt var í reiðhöllinni Svaðastöðum, Sauðárkróki. Kennarar voru Elvar

E. Einarsson og Ingimar Ingimarsson.

Stóð þetta starf allt til vors eða fram í maí. Tókst þetta námskeið með mestu ágætum þó svo að hestapestin hafi sett sitt mark á starfið þegar líða tók að vori. Voru þátttakendur mjög ánægðir með árangur vetrarins.



Líkt og fyrri ár stóðu hestamannafélögin í Skagafirði, Léttfeti, Stígandi og Svaði, að helgarnámskeiðum fyrir börn í héraðinu. Það starf hófst í byrjun febrúar og kennt var aðra hverja helgi, lauk því starfi í lok apríl. Kennarar voru þau Pétur Örn Sveinsson, Heiðrún Ósk Eymundsdóttir og Lisa Rist. Þátttakendur í þessu verkefni voru rúmlega 80. Til stóð að halda stórsýninguna Æskan og hesturinn



1. Maí í reiðhöllinni Svaðastöðum, því var svo frestað vegna hestapestarinnar og að lokum aflýst. Búið var að leggja mikla vinnu í búningahönnun og æfingar á sýningaratriðum þegar það var ljóst. Í vor voru keyptar

peysur handa börnunum sem tóku þátt í sameiginlega starfinu og voru þeim afhentar peysurnar í mikilli grillveislu að Hofi sem haldin var að lokinni sundferð þar sem nýja sundlaugina á Hofsósi var prófuð.

Í vetur tók Léttfeti, ásamt öðrum hestamannafélögum á norðurlandi vestra, þátt í framkvæmd og skipulagningu mótaraðar sem hlotið hefur nafnið Grunnskólamót hestamannafélaga á norðurlandi vestra. Mjög góð þátttaka var í þessari mótarað, eða um og yfir 70 skráningar á hvert mót, sem haldin voru í reiðhöllum á þremur stöðum, á Sauðárkróki, Blönduósi og á Hvammstanga.



Keppendum er skipt niður eftir bekkjum, 1.-3., 4. -7. og 8. – 10 bekkur, keppt er í fegurðarreið, þrígangi, tölti, þrautabraut og þau elstu eiga kost á að keppa í skeiði. Þetta er í annað skipti sem þessi mótaröð er haldin og verður vonandi framhaldið á komandi vetri. Þetta gefur krökkunum tækifæri til að koma saman og spreyta sig í keppni og að auki styrkir þetta félagsleg tengsl þeirra sem þau búa að þegar fram líða stundir.

Æskulýðsnefnd Léttfeta,

Baldur Sigurðsson

Haraldur Smári Haraldsson

Kristín Ármannsdóttir.

